

Stekkjaskóli, 19. nóv. 2021

Komið þið sæl og blessuð kæru forráðamenn,

Nú eru línurnar að skýrast hjá okkur varðandi flutning á Heiðarstekk. Í gær fengum við loksins þær góðu fréttir að hægt verður að hafa starfsdaga fimmtudaginn 26.11. og föstudaginn 27.11, klára flutning á milli húsa og undirbúa skólastarfið á nýjum stað. Skólastarf að Heiðarstekk hefst þá mánudaginn 29. nóvember.

Á starfsdögum verður boðið upp á viðveru fyrir nemendur sem verður mönnum af starfsfólki frístundar og stuðningsfulltrúum skólans. Þar sem það verður í mörg horn að líta hjá starfsfólki skólans og frístundar þá óskum við eftir að þeir sem hafa tök á því hafi börnin heima þessa daga til að létta undir með okkur.

Sérstök skráning verður í viðveruna á skólatímanum frá kl: 8:10 - 13:10 og jafnframt er mikilvægt fyrir okkur að vita hvort hefðbundin skráning á frístund breytist eitthvað. Frístund Stekkjaskóla tekur svo við kl. 13:10 fyrir þau börn sem eru skráð þar.

Síðar í dag verður skráningarblað sent til forráðamanna og biðjum við ykkur um að skila því til okkar í síðasta lagi á hádegi, þriðjudaginn 23. nóv. Því miður verður ekki hægt að bjóða upp á mat þessa daga og því þurfa börnin að hafa með sér nesti, bæði fyrir morgunkaffi og hádegismat. Við mælum með að nestið sé aðskilið, þ.e. að það sé alveg skýrt fyrir barnið hvað er nesti að morgni og hvað er hádegismatur. Ávextir og mjólk verða á staðnum. Kaffitími á frístund heldur sér.

Enn og aftur þökkum við ykkur fyrir samstarfið og þolinmæðina, samvinna allra er svo mikilvæg í svona verkefni.

Með góðri kveðju, stjórnendateymi Stekkjaskóla
Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu